

Selfossi, 23. nóvember 2023
2311230

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík


Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 478. mál.

Á 63. fundi bæjarráðs Árborgar sem haldinn var 23. nóvember var eftirfarandi bókað í fundargerð:

Bæjarráð Árborgar tekur í meginefnum undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í lagafrumvarpinu eru löngu tímabærar breytingar á regluverki jöfnunarsjóðs sem tekur betur mið af stöðu og gerð sveitarfélaga í dag. Má þar sem dæmi nefna að árið 1990 voru sveitarfélög landsins 204 en eru í dag 64 talsins. Á umræddu tímabili hafa litlar breytingar verið gerðar á grunnreglum úthlutunar hjá sjóðnum.

Bæjarráð Árborgar telur þó mikilvægt að framlag ríkissjóðs í jöfnunarsjóð haldist óbreytt í 2,111 prósentum en lækki ekki í 2,034 prósent líkt og kemur fram í frumvarpinu. Greiðslur jöfnunarsjóðs hafa umtalsvert vægi í tekjum sveitarfélaga. Lækkun á framlögum ríkissjóðs til sjóðsins dregur úr lögbundnu jöfnunarhlutverki hans. Að öðru leyti telur bæjarráð Árborgar að tillögur frumvarpsins séu vandaðar og til þess fallnar að styrkja stöðu sveitarfélaga landsins.

Virðingarfyllst,



Ejóla Steindóra Kristinsdóttir

bæjarstjóri

